



Alþýðusamband Íslands

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1268*  
*komudagur 29.2.2012*

Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. febrúar 2012.  
Tilvísun: 201202-0018

**Tillaga til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA), 373 mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar framangreind tillaga til þingsályktunar.

Hér er til umfjöllunar samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar stuðning við umsóknarríki ESB (IPA).

Fyrir liggur að fjölmörg mikilvæg verkefni hafa þegar verið samþykkt á grundvelli IPA. Hér viljum við sérstaklega nefna menntaverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur forræði á og ber heitið „Creation of a recognition system of non-formal and informal learning on upper secondary level“. Verkefnið er sérstaklega ætlað að styrkja stöðu þess hóps á vinnumarkaði sem hefur ekki lokið námi frá framhaldsskóla, með fjölbættum úrræðum.

Að framangreindu teljum við að rétt sé og eðlilegt að samþykkja þann samning sem hér er til umfjöllunar. Fyrir liggur að óháð því hvort Ísland verður aðili að Evrópusambandinu eða ekki mun sitja eftir sú mikilvæga reynsla, þekking og þær afurðir sem samningurinn mun gefa af sér.

Alþýðusamband Íslands leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Dagsetning  
28. febrúar 2012

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varða fjárhagsaðstoð ESB við Íslands innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA), mál 373.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að þeir fjármunir sem fást með IPA-aðstoð geti nýst til ýmissa verkefna sem styrki byggðirnar. Stofnunin leggur því til að samningurinn verði staðfestur.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/1358*  
*komudagur 6.3 2012*

Alþingi  
Kristjana Benediktsdóttir  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. mars 2012  
2012020012

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA), á 140. löggjafarþingi, þskj. 449 - 373. mál**

Tillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 16. febrúar 2012.

I.

Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er markmið IPA-áætlunar Evrópusambandsins að styrkja innviði umsóknarríkja ESB með uppbyggingu stofnana, eflingu milliríkjasamstarfs og styrkingu efnahags- og félagslegrar þróunar sem og byggðaðróunar. Af þessu einu og sér má ráða að IPA styrkirnir eru beinlínis ætlaðir til þess að aðlagja íslenskan rétt að rétti Evrópusambandsins, til dæmis með uppbyggingu tiltekinnar stofnana. Samhliða þessari þingsályktunartillögu er lagt fram frumvarp sem undanþiggur þessa styrki hvers kyns skattlagningu. Bændasamtökin leggjast gegn samþykkt þess frumvarps, sbr. umsögn, dags. 17. febrúar 2012 (erindi nr. Þ 140/1069).

II.

Umræddur rammasamningur var undirritaður þann 8. júlí 2011 án samráðs við utanríkismálanefnd Alþingis, þrátt fyrir að í álitni meiri hluta utanríkismálanefndar um þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, dags. 9. júlí 2009, sé lögð rík áhersla á að haft verði samráð við Alþingi um alla meginþætti samningaviðræðnanna. Það hlýtur að vera óumdeilt að móttaka styrkja frá samningsaðila Íslands að fjárhæð a.m.k. 28 milljónir evra er einn af meginþáttum samningaviðræðnanna þar eð styrkirnir eru augljóslega fallnir til þess að hafa áhrif á þær. Í framangreindri þingsályktunartillögu segir að ríkisstjórnin skuli fylgja sjónarmiðum og verklagi um meginhagsmuni sem fram komi í álitni meiri hluta utanríkismálanefndar.

III.

Þann 3. júní 2011, eða rúmum mánuði áður en rammasamningurinn var undirritaður, höfðu íslensk stjórnvöld sent framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu sína um verkefni þau töldu rétt að styrkt væru með landsáætlun IPA 2011. Utanríkisráðherra hefur sagt að öll verkefni hafi verið valin með tilliti til þess að þau nýtist óháð því hvort af aðild verður, sbr. þskj. 1788 - 877. mál á 139. löggjafarþingi. Meðal þeirra verkefna sem hljóta IPA styrki er skrifstofa landstengiliðs. Hún annast samræmingu og miðlun styrkja til að byggja upp frekari þekkingu á stuðningi Evrópusambandsins á sviði byggðamála og atvinnuuppbyggingar. Þessum stuðningi er sérstaklega ætlað að byggja upp þekkingu á því hvernig hægt er að nýta sjóði Evrópusambandsins. Á þetta sérstaklega við um þau svið sem ekki falla undir EES-

samninginn. Stuðningnum verði beint í fyrsta lagi að stofnunum sem hefðu ávinning af því að nýta sér styrkjakerfi Evrópusambandsins í umsóknarferlinu, í öðru lagi að undirbúningi fyrir frekari nýtingu sjóða ef til aðildar kemur, og í þriðja lagi að umsýslu styrkjanna. IPA styrkir til skrifstofu landstengiliðs eru samkvæmt framangreindu ætlaðir til þess að byggja upp þekkingu á því hvernig hægt er að nýta aðra styrki Evrópusambandsins. Hvernig þetta verkefni samræmist því að nýtast Íslandi ef ekki verður af aðild, er erfitt að segja til um.

#### IV.

IPA áætlunin samanstendur af fimm þáttum og einn þeirra er stuðningur við dreifbýlisþróun. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Evrópusambandsins eru IPA styrkir sem falla undir þennan þátt beinlínis ætlaðir til þess að veita umsóknarríkjum aðstoð við að endurskipuleggja landbúnað og aðlögun hans að Evrópusambandsstöðlum á sviði umhverfisverndar, heilsu manna, dýra- og plöntuheilbrigði og dýravelferð. Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu yrði þannig opnuð leið til þess að hefja aðlögun íslensks landbúnaðar að sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. IPA áætlunin er samkvæmt framangreindu augljóslega ætluð til þess að aðlaga íslenska stjórnsýslu o.fl. að regluverki Evrópusambandsins.

#### V.

Farið hefur verið frjálstlega með markmið IPA áætlunarinnar og vert er að gefa þeim gaum. Á Evrópuvefnum stendur til dæmis að fyrsti megin þáttur IPA áætlunarinnar sé aðstoð við uppbyggingu stofnana. Af einhverjum ástæðum er ekki fjallað um markmið IPA áætlunarinnar í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu en þessi sama skýring kemur fram í greinargerð með frumvarpi til laga um frávík frá lögum um skatta og gjöld vegna styrkja úr IPA sjóðum, á þskj. 452 - 376. mál. Í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Evrópuþingsins að nýrri reglugerð um IPA áætlunina (IPA II) segir hins vegar orðrétt: „*Assistance under this Regulation shall mainly address the following policy areas: (a) the transition process towards Union membership and capacity building; [...]*”. Samkvæmt þessari 3. gr. reglugerðardraganna er IPA áætluninni ætlað að auðvelda aðlögunarferli umsóknarríkja. Það er augljóst, bara af þessari einföldu könnun, að þingsályktunartillöguna þarf að rýna vel og skoða með hliðsjón af réttum upplýsingum.

#### VI.

Allt framangreint, en ekki einungis, bendir til þess að um sé að ræða aðlögun að Evrópusambandinu. Bændasamtök Íslands telja aðlögun íslenskrar stjórnsýslu að stjórnsýslu Evrópusambandsins óásættanlega og leggjast þess vegna gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands





Reykjavík, 21. febrúar 2012

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn Hagstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA).

Hagstofa Ísland telur brýnt að tillaga til þingsályktunar um samþykki rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins verði afgreidd sem fyrst. Hagskýrslugerð er hluti af EES-samningnum og hefur Ísland tekið virkan þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu frá gildistöku hans árið 1994. Flestar reglugerðir ESB um hagskýrslugerð hafa verið teknar inn í samninginn og orðið skuldbundnar hér á landi og hefur markvisst verið unnið að því að skila hagskýrslum í samræmi við þær. Reglugerðir um hagskýrslugerð hafa ekki fengið sömu meðferð innan stjórnsýslunnar og aðrar skuldbindingar EES-samningsins. Þær hafa ekki verið kostnaðarmetnar og fjármagnaðar með sama hætti og aðrar skuldbindingar og því hefur safnast upp vandi vegna nokkurra hagskýrsluverkefna. Af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, Eurostat, var ekki gengið hart eftir því, að viðkomandi hagskýrslum væri skilað svo lengi sem unnið var að bættum skilum. Tvennt hefur breytt þeirri stöðu. Annars vegar komu upp alvarleg vandamál í hagskýrslum eins aðildarríkis ESB, sem gerðu það að verkum að brugðist hefur verið hart við og þess krafist af þeim sem eru í hagskýrslusamstarfinu að þeir uppfylli skuldbindingar samstarfsins, í samræmi við kröfur í reglugerðum og gildandi gæðastöðlum. Hins vegar hefur með aðildarumsókn Íslands að ESB verið ráðist í svonefnda rýnivinnu og farið ítarlega í gengum þær reglugerðir sem gilda í hagskýrslusamstarfinu. Með rýni reglugerða hefur verið dregið fram, á hvaða sviðum vantar á að hagskýrslum sé skilað, í samræmi við skuldbindingar EES-samningsins og hvaða skuldbindingar bætast nýjar við, ef niðurstaðan verður að Ísland gerist aðili að ESB. Niðurstaðan er, að það sem á vantar, er í flestum tilvikum nú þegar skuldbundið í EES samningnum, en fáar skuldbindingar munu bætast við. Sú tölfræði sem bætist við, ef af aðild verður er einkum vegna utanríkisviðskipta, þar sem tollar falla niður milli ríkja innan ESB. Því er óhjákvæmilegt að hagskýrslugerð á Íslandi verði færð til samræmis við skuldbindingar EES-samningsins og unnt verði að takast á við viðbótarkröfur, ef af aðild verður. Hagstofa Íslands hefur sótt um IPA styrki og tæknilega aðstoð til að standast kröfur evrópska hagskýrslusamstarfsins. Þegar hafa fengist styrkir til að gera manntal og safna landbúnaðartölfræði og unnið er að umsóknum um styrki til að gera nauðsynlega endurbætur á þjóðhagsreikningum og til að vinna hagskýrslur um fyrirtæki. Þessi verkefni eru öll þegar skuldbundin í EES-samningnum. Í þeim þrengingum sem verið hafa í ríkisfjármálum eru IPA styrkir nánast forsenda fyrir því, að hægt sé að uppfylla skuldbindingarnar innan ásættanlegra tímamarka. Hagstofa Íslands telur mikilvægt að þingsályktunin nái fram að ganga til að hagskýrslugerð á Íslandi verði með sambærilegum hætti og í ríkjum Evrópu og skuldbindingar EES-samningsins verði virtar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri



**Alþingi - Utanríkismálanefnd**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2012  
*Mál nr. 1202007*

**Efni: Umsögn, reglur um fjárhagsaðstoð við Ísland, 373. mál**

Utanríkismálanefnd óskar eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um fjárhagsaðstoð við Ísland eða svokallaða IPA styrki. Samtökin hafa áður gefið umsögn þann 13. febrúar 2012 um samtengt mál til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp til laga um frávik vegna styrkja úr sjóði er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki Evrópusambandsins, 376. mál.

Markmið IPA samningsins fela augljóslega í sér að auðvelda á aðlögun íslensks stjórnkerfis að regluverki Evrópusambandsins, en markmiðin eru í 3. gr. rammasamningsins:

„1. Til að stuðla að samvinnu sín á milli og undirbúa aðstoðarþeganum í áföngum fyrir staðla og stefnumið Evrópusambandsins, þ. á m. eftir því sem við á réttarreglur þess, með aðild í huga, eru samningsaðilar sammála um að hrinda í framkvæmd verkefnum á ýmsum sviðum eins og fram kemur í IPA-rammareglugerðinni og IPA-framkvæmdarreglugerðinni og eins og hæfir aðstoðarþeganum.

2. Stuðningsaðgerðir skulu fjármagnaðar og hrint í framkvæmd í samræmi við þá lagalegu, stjórnsýslulegu og tæknilegu umgjörð sem mælt er fyrir um í samningi þessum og nánar er lýst í sviðstengdum samningum og/eða fjármögnunarsamningum, ef um þá er að ræða.

3. Aðstoðarþeginn gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggt sé að framkvæmd allra stuðningsaðgerða sé viðeigandi og til þess að greiða fyrir framgangi áætlana þeim tengdum.“

Samtökin vísa til umsagnar í 376. máli og ítreka að það er í hæsta máta óeðlilegt að aðlaga eigi íslenskt stjórnkerfi að Evrópusambandinu, þar sem að Ísland er ekki aðili að sambandinu. Við leggjumst gegn því að þetta lagafrumvarp nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1159  
komudagur 24.2.2012

Utanríkismálanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. febrúar 2012  
2012020022/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (reglur um fjárhagsaðstoð við Ísland, IPA), 373. mál**


Vísað er til bréfs / tölvupósts frá utanríkismálanefnd Alþingis, dags. 16. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (reglur um fjárhagsaðstoð við Ísland, IPA), 373. mál.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri




Trausti Baldursson



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1929  
komudagur 24.4.2012

Alþingi  
Utanríkismálanefnd  
150 REYKJAVÍK



## Persónuvernd


Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 17. apríl 2012  
Tilvísun: 2012020262PS/--

373 mál

Persónuvernd vísar til tölvubréfs utanríkismálanefndar Alþingis frá 16. febrúar 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varða fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA) (373 mál á 140. löggjafarþingi, þskj. 449). Ekki eru gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt

  
Þórður Sveinsson



Alþingi  
150 Reykjavík

Nefndasvið

Reykjavík 27. febrúar 2012

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 373. mál**

Hér er til umfjöllunar samþykkt rammisamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA).

Fram hefur komið í aðdraganda þessa máls að stuðningur úr s.k. IPA sjóðum kann að vera af margvíslegum toga, en að því er virðist fyrst of fremst til að styrkja innviði viðkomandi þjóða. Augljóst er að það skiptir miklu máli fyrir ESB að umsóknarlönd séu sem best undir það búin að verða þátttakendur í því samstarfi sem vera í sambandinu býður uppá.

Rannís hefur í mörg ár verið tengiliður við s.k. rammaáætlanir um rannsóknir og nýsköpun og verður ekki annað sagt en að verkefnið hafi reynst mjög vel fyrir íslenskt samfélag, hvað varðar uppbyggingu þekkingar, tæknifyrfærslu og nýsköpun. Regluverkið krefst auk þess aga sem gerir ekkert annað en að styrkja starf hér heima.

Því er ekki annað séð en að rétt og eðlilegt sé að samþykkja þennan samning. Ef Ísland gengur ekki í Evrópusambandið situr eftir sú reynsla og þekking sem þessi samningur hefur í för með sér.

Virðingarfyllt

Hallgrímur Jónasson

Forstöðumaður Rannís

---

Hallgrímur Jónasson  
Forstöðumaður / General Director  
RANNÍS  
Rannsóknamiðstöð Íslands / The Icelandic Centre for Research  
Laugavegi 13  
101 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1177**  
**komudagur 27.2.2012**

Alþingi, utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2012  
R2012020015

**Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins - 373. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 16. febrúar 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi heimili ríkisstjórninni að samþykkja rammasamning milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland.

Í tengslum við umrædda tillögu hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um frávik frá lögum um skatta og gjöld vegna styrkja úr sjóði er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki Evrópusambandsins (376. mál, þskj. 452). Af því tilefni sendi ríkisskattstjóri efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsögn dags. 6. febrúar 2012 þar sem fram kom að ekki væru gerðar athugasemdir við efni umrædds frumvarps.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllt

---